

## Húsnæðisþing 2017

Til : Ísafjarðarbær  
Frá : sigruna@ils.is  
Heiti : Húsnæðisþing 2017  
Málsnúmer : 2017050130  
Málsaðili : Íbúðalánasjóður  
Skráð dags : 15.09.2017 15:11:04  
Höfundur : sigruna@ils.is

Viðhengi [image002.jpg](#)[image002.jpg](#)  
[image001.png](#)[image001.png](#)



Ísafjarðarbær

Gísli Halldór Halldórsson

Stjórnsýsluhúsinu

400 ÍSAFIRÐI

Góðan dag,

**Miðvikudaginn 8. nóvember n.k. verður haldið fyrsta árlega Húsnæðisþingið hér á landi** og viljum við hvetja sveitarfélög til þess að taka daginn frá.

Húsnæðisþing er vettvangur þar sem lagður er grunnur að húsnæðisstefnu stjórnvalda **og þar verður farið yfir stöðu húsnæðismála byggt á húsnæðisáætlunum sveitarfélaga**. Þá verða nýjustu rannsóknir á sviði húsnæðismála kynntar sem og mögulegar lausnir í húsnæðismálum. Á Húsnæðisþingi 2017 verður einnig farið sérstaklega yfir stöðu húsnæðissáttmála ríkisstjórnarinnar.

Verið er að vinna að dagskrá þingsins og verður hún send út við fyrsta tækifæri.

Húsnæðisþing 2017 verður haldið á Reykjavík Nordica á Suðurlandsbraut þann **8. nóvember 2017** og stendur frá **kl: 10-17**.

**Á Húsnæðisþingi 2017 er lagt upp með að kynntar verði niðurstöður húsnæðisáætlana sveitarfélaga** en hlutverk þeirra er að draga fram mynd af því hver staða húsnæðismála er í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma.

Sveitarfélög geta nú fengið afhend gögn hjá Íbúðalánasjóði sem nýst geta við gerð húsnæðisáætlana sér að kostnaðarlausu. Á heimasíðu sjóðsins má nálgast efnisyfirlit fyrir gerð húsnæðisáætlana sem og frekari upplýsingar sem geta komið að notum <http://www.ils.is/hagdeild/husnaedisaaetlanir/>.

Íbúðalánasjóður hvetur sveitafélög því eindregið til þess að hefjast handa við og/eða ljúka við gerð húsnæðisáætlana sem fyrst og munu starfsmenn sjóðsins aðstoða sveitarfélögin eftir fremsta megni.

Tengiliðir sjóðsins vegna húsnæðisáætlana eru Sigrún Ásta, [sigruna@ils.is](mailto:sigruna@ils.is) og Kristján Arnarsson, [kristjan.arnarsson@ils.is](mailto:kristjan.arnarsson@ils.is).

F.h. Íbúðalánasjóðs

Sigrún Ásta,  
Verkefnisstjóri húsnæðisáætlana